

Sveitarfélagið Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 7. september 2023  
UST202307-254/A.B.  
10.04.03

## Efni: Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Þorlákshafnar - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst dags. 21. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnarsvæði Þorlákshafnar.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreind er 9300 m<sup>2</sup> landfylling.

### Náttúruminjaskrá - Hafnarnes

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er merkt á uppdrætti deiliskipulagsins og fjallað er um svæðið í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Svæðið er sunnan byggðar í Þorlákshöfn og nær vestur að Flesjum og er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

Að mati Umhverfisstofnunar er uppbygging á svæðinu farin að hafa áhrif á útivistargildi svæðisins sem er m.a. vinsælt fyrir brimbrettaiðkun og því farin að hafa áhrif á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að verndun svæða til útivistar og skoðaðir séu aðrir valmöguleikar varðandi uppbyggingu athafnasvæðis.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að nú er töluverð starfsemi fiskeldis meðfram suðurströnd og frekari uppbygging í farvatninu. Því telur stofnunin mikilvægt að metin séu sammögnun áhrifa þeirrar uppbyggingar, sem hefur átt sé stað og eru fyrirhuguð, m.t.t. útivistar og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

### Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögnum hver er áætluð efnisþörf landfyllingar og hvaða efni á að nota.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er þá um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt.

Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

### Fráveita

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu.<sup>1</sup> Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þar sem ábyrgð sveitarfélaga er skilgreind og kröfur um hreinsun á fráveituvatni sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Vegna stóraukinna umsvifa á hafnarsvæðinu á næstu árum verður sveitarfélagið að fjalla um hvernig fráveitumálum er og verður háttað til framtíðar og hvaða úrbætur sveitarfélagið ætlar að ráðast í.

Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála kemur fram að öll strandsjávarhlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Losun fráveituvatns er í strandsjávarhlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103- 1341-C og er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.<sup>2</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Björn Stefánsson

**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla\\_fraveitumala\\_2020](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020)

<sup>2</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1341-C>